

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera $\frac{1}{3}$ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögn skipa við Ísland nr. 494 frá 11. september 1981.

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.**

1. gr.

3. másl. 2. málgr. 8. gr. orðist svo: Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 knattspyrnuleikir, en hægra megin einn til tíu tölusettir aðaldálkar, sem hver um sig er þrískiptur.

2. gr.

1. másl. 2. málgr. 11. gr. orðist svo: Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir einfaldar raðir, eru einn til tíu aðaldálkar, sbr. 8. gr.

3. gr.

1. málgr. 13. gr. orðist svo:

Verð hvernar getraunaraðar er kr. 1,50.

4. gr.

3. másl. 22. gr. orðist svo: Brot á þessum ákvæðum varða sektum, sem greiðist í Íþróttasjóð.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. ágúst 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.